



# Ólíkur reynsluheimur nemenda í bóknámi og starfsnámi í framhaldsskólum – samanburður á bakgrunni, líðan, álagi og viðhorfum til náms

Sæberg Sigurðsson og Elsa Eiríksdóttir

► Abstract

► Um höfunda

► About the authors

► Heimildir

Markmið rannsóknarinnar var að bera saman nemendur í bóknámi og starfsnámi í íslenskum framhaldsskólum út frá bakgrunni, viðhorfi þeirra til náms, álagi í námi og líðan í skóla. Meirihluti íslenskra nemenda velur bóknám í framhaldsskóla frekar en starfsnám og vitað er að forsendur námsvals og bakgrunnur þessara nemendahópa er gjarnan ólíkur. Fyrri rannsóknir hafa sýnt að skuldbinding þeirra til náms og námsferill er einnig mismunandi. Mikilvægt er að skilja hvernig val á námsleið tengist ólíkri reynslu ungs fólks í framhaldsskóla, bæði til að aðstoða nemendur betur við val á námi og fyrir framhaldsskóla að þróa sína starfshætti.

Rannsóknin byggir á gögnum úr Íslensku æskulýðsrannsókninni 2023–2024, en rafræn spurningakönnun var send til allra nemenda í framhaldsskólum á Íslandi. Þátttakendur voru 5718 nemendur á aldrinum 15–20 ára (31% svarhlutfall), sem voru skráðir í annaðhvort bóknám eða starfsnám. Spurt var meðal annars um bakgrunn, áhuga og ánægju af námi, námsálag, félagslega þátttöku, líðan í skóla og brotthvarf.

Niðurstöðurnar sýna marktækan mun á bakgrunni nemenda. Bóknámsnemar áttu frekar foreldra með háskólamenntun og bjuggu við betri fjárhag en starfsnámsnemendur, á meðan starfsnámsnemar bjuggu frekar utan foreldrahúsa. Starfsnámsnemendur sýndu meiri áhuga á náminu, höfðu meiri ánægju af kennslustundum og lögðu meira upp úr nytsamlegri færni sem þeir lærðu í skólanum. Á móti upplifðu bóknámsnemar meira álag í náminu og vörðu meiri tíma í heimanám. Félagsleg þátttaka var meiri meðal bóknámsnema, sem oftast sögðust tilheyra sérstökum hópi í skólanum og leið betur í hléum. Enginn munur fannst á ánægju með skólann, en starfsnámsnemar voru líklegri til að íhuga að hætta í námi. Heildarniðurstaðan bendir til þess starfsnámsnema hafi sterkari tengsl við námið en að bóknámsnemar leggi meira upp úr félagslegum tengslum. Rannsóknin veltir upp spurningum um forsendur námsvals og undirstrikar mikilvægi þess að styðja sérstaklega við starfsnámsnemendur til að draga úr brotthvarfi þeirra.

**Efnisorð:** starfsnám, bóknám, framhaldsskóli, viðhorf til náms, líðan í skóla, skuldbinding til náms

## Inngangur

Nám á framhaldsskólastigi er gjarnan flokkað í starfsnám og bóknám í almennri umræðu, bæði á Íslandi og erlendis. Þegar nemendur velja sér nám í framhaldsskóla snýr valið meðal annars að því að ákveða hvort þeir ætli sér í bóknám sem fyrst og fremst undirbýr þá undir frekara nám á háskólastigi eða starfsnám sem undirbýr þá undir tiltekin störf á vinnumarkaði (Mennta – og menningarmálaráðuneyti, 2012; OECD, 2024). Undir hvora tegund náms; bóknám og starfsnám, falla margar ólíkar námsbrautir, bæði hvað varðar uppbyggingu og innihald, en þessi flokkun segir almennt til um hvað nemandi ætlar sér að loknu námi og hver áherslan er í náminu.

Þátttaka í starfsnámi á Íslandi hefur almennt þótt lítil, að meðaltali er um þriðjungur nemenda í framhaldsskólum skráður í starfsnám (Hagstofa Íslands, e.d.) sem er lægra en meðaltal í Evrópusambandinu (49%; Cedefop, 2023) og OECD-löndum (37%; OECD, 2023). Þessi meðaltöl í samanburði fela þó mun á milli landa, og ef Norðurlöndin eru til dæmis borin saman þá voru árið 2020 yfir 68% nemenda í finnskum framhaldsskólum í starfsnámi, en þetta sama hlutfall var 51% í Noregi, 38% í Danmörku, 36% í Svíþjóð og 30% á Íslandi (Cedefop, 2023). Það er því ljóst að það hallar meira á starfsnám á Íslandi en í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við. Ástæður eru ýmsar og tengjast til dæmis virðingarstöðu starfsmenntunar í samfélaginu og bóknámsreki (e. academic drift) sem einkennt hefur íslenskt menntakerfi (Elsa Eiríksdóttir, 2022, 2023; Elsa Eiríksdóttir o.fl., 2018; Jón Torfi Jónasson, 2003; Jón Torfi Jónasson og Gunnhildur Óskarsdóttir, 2016; Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2016). Með bóknámsreki er átt við aukna hlutdeild bóknámsgreina í öllu námi, samfélagslega áherslu á áframhaldandi nám og stækkun háskólastigsins (Harwood, 2010; Jón Torfi Jónasson, 2004). Menntamálayfirvöldum hefur löngum verið tíðrætt um eflingu starfsmenntunar og hefur það til dæmis verið nefnt í stjórnarsáttmálum síðustu þriggja ríkisstjórna Íslands (Stjórnarráð Íslands 2017, 2021, 2024).

Fyrri rannsóknir hafa sýnt að forsendur námsvals eru ólíkar hjá nemendum sem velja bóknám og þeim sem velja sér starfsnám og virðist bóknám almennt sjálfgefið val hjá yngri nemendum (Elsa Eiríksdóttir, 2023; Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2016). Þetta sést á því að meirihluti þeirra sem ljúka grunnskóla, eða 83% að meðaltali síðasta áratug, skrá sig í bóknám í framhaldsskóla (Hagstofa Íslands, e.d.). Hjá eldri nemendum sem annaðhvort eru að skipta um nám eða koma aftur í nám eftir hlé verður starfsnám frekar fyrir valinu. Eins er samsetning nemendahópanna í starfsnámi og bóknámi ólík, bæði hvað varðar félags- og efnahagslegan bakgrunn og kyn (Elsa Eiríksdóttir og Sæberg Sigurðsson, 2023; Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2024). Einnig hefur verið sýnt fram á að upplifun nemenda í námi og skuldbinding og líðan þeirra í framhaldsskóla er ólík eftir því hvort bóknám eða starfsnám varð fyrir valinu (Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2016).

Það eru því vísbendingar um að ferlið við val á námi og svo námsupplifun nemenda í framhaldsskóla sé ólík fyrir nemendur í bóknámi og starfsnámi. Markmið greinarinnar er að bera saman svör nemenda í bóknámi eða starfsnámi er snúa að bakgrunni, viðhorfum til náms, álagi og líðan nemendanna. Gögn úr Íslensku æskulýðsrannsókninni, sem safnað var í framhaldsskólum skólaárið 2023 til 2024, eru notuð. Þar er um að ræða yfirgripsmikla könnun sem náði til allra framhaldsskólanema á Íslandi og gefur því heildstæðar upplýsingar um hvernig nemendur í framhaldsskólum upplifa sig í námi. Samanburðurinn í þessari grein einkorðast við nemendur á aldursbilinu 15–20 ára, sem segja má að sé hefðbundinn framhaldsskólaaldur.

## Starfsnám eða bóknám í framhaldsskóla

Val á námi í framhaldsskóla er flókið ferli, háð fjölbreyttum þáttum sem bæði eru persónulegir og félagslegir. Þegar rætt er um valið á milli starfsnáms og bóknáms skipta virðingarstaða og viðhorf til námsins einnig máli (sjá til dæmis Billett, 2014, 2020; Billett o.fl., 2020; Cedefop, 2014; Clement, 2014; Hoeckel, 2007; Wolf, 2011). Starfsnám hefur löngum haft lægri virðingarstöðu en bóknám í íslensku samfélagi (Elsa Eiríksdóttir, 2023; Elsa Eiríksdóttir o.fl., 2018; Jón Torfi Jónasson, 1995).

Sérstaklega hefur aðgengi að háskólanámi þótt eftirsóknarvert og því gjarnan litið á starfsnám sem öngstræti fyrir nemendur sem ætla sér í frekara nám. Þróun síðastliðna áratugi á Íslandi og víðar hefur sýnt mikinn vöxt bóknáms á framhaldsskólastigi og háskólastigsins í framhaldi. Á sama tíma hefur aðsókn í starfsnám staðið í stað eða dregist saman (Jón Torfi Jónasson, 2003, 2004; Jón Torfi Jónasson og Gunnhildur Óskarsdóttir, 2016). Ef horft er á skráningu í framhaldsskóla síðastliðinn áratug þá hafa að meðaltali 67% framhaldsskólanema verið skráð í bóknám og 30% í starfsnám. Á síðustu 5 árum eða svo hefur þeim sem skrá sig í starfsnám í framhaldsskóla beint úr grunnskóla fjölgað aðeins, úr um 12% til 15% á árunum 2015 til 2020 í um 17% árið 2023 (Hagstofa Íslands, e.d.). Þessi fjölgun er þó ekki í starfsnám almennt heldur einskorðast við nokkra starfsgreinaflokkka eins og bygginga- og mannvirkjagreinar og rafíðngreinar (Elsa Eiríksdóttir, 2025). Skráningartölur í framhaldsskóla sýna því að nemendur sækja í bóknám fyrst og fremst beint úr grunnskóla, en að nemendur í starfsnámi eru að stórum hluta nemendur sem hafa skipt um námsbraut eða koma aftur í nám eftir hlé eða eftir að hafa lokið öðru námi. Nemendur í starfsnámi eru því gjarnan eldri en nemendur í bóknámi. Á heildina litið er því ljóst að samsetning nemendahópsins í starfsnámi er ólík því sem gerist í bóknámi.

### Samsetning nemendahópsins

Margt hefur áhrif á val á námi í framhaldsskóla og má meðal annars nefna félagslegan bakgrunn og menntun foreldra, félagsleg tengsl við jafningja og áhrif vina, orðspor skóla og náms, búsetu, staðalímyndir og fyrirmyndir, reynslu og þekkingu á úrvali og möguleikum til náms og framtíðaráform (sjá til dæmis Berglind Rós Magnúsdóttir og Unnur Edda Garðarsdóttir, 2018; Billett o.fl., 2020; Elsa Eiríksdóttir, 2023; Elsa Eiríksdóttir o.fl., 2018; Guðbjörg Vilhjálmisdóttir og Guðmundur Arnkelsson, 2005, 2013; Kristjana Stella Blöndal og Bjarney Sif Ægisdóttir, 2013; Mann o.fl., 2020; Maxwell o.fl., 2000).

Rannsóknir hafa sýnt að foreldrar hafa tilhneigingu til að beina börnum sínum frekar að bóknámi en starfsnámi, gjarnan til að halda möguleikanum á frekara námi á háskólastigi opnum (Billett o.fl., 2020; Braun o.fl., 2011; Elsa Eiríksdóttir o.fl., 2018; Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2016). Þetta virðist sérstaklega eiga við háskólamenntaða foreldra og fjölskyldur með hærri félags- og efnahagsstöðu. Félags- og efnahagsstaða tengist einkunnum á samræmdum prófum og hefur forspárgildi um árangur í framhaldsskólanámi (Hagstofa Íslands, 2025; Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2024; OECD, 2024). Nemendur með hærri félags- og efnahagsstöðu og betur menntaða foreldra eru gjarnan með hærri einkunnir úr grunnskóla og eru líklegri til að ljúka námi í framhaldsskóla. Nemendur sem eiga foreldra með minni menntun eða hafa innflytjendabakgrunn ljúka síður námi í framhaldsskóla og hafa gjarnan lægri einkunnir úr grunnskóla. Þetta skiptir máli því einkunnir úr grunnskóla eru liður í að ákvarða í hvaða framhaldsskóla nemendur fá inngöngu. Framhaldsskólar taka inn nemendur á grundvelli einkunna, hærri einkunnir þarf til að komast inn í bóknám en starfsnám og gildir það sérstaklega um vinsælustu framhaldsskólana (Elsa Eiríksdóttir o.fl., 2018; Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2024).

Þegar samsetning nemendahópa í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu var skoðuð, kom á daginn að nemendahópurinn var mjög mismunandi eftir því hvort skólar voru með bæði bóknám og starfsnám eða aðeins bóknám (Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2024). Í framhaldsskólum þar sem einungis er bóknám voru nemendur almennt með hærri félags- og efnahagsstöðu en nemendur í framhaldsskólum með bæði starfsnám og bóknám. Þeir voru einnig með hærri einkunnir úr samræmdum prófum í grunnskóla, líklegri til að eiga foreldra með háskólamenntun og ætluðu sér frekar í háskólanám í framtíðinni. Þessi munur á nemendahópunum fannst ekki aðeins á milli skóla, heldur einnig innan framhaldsskóla með bæði starfsnám og bóknám. Nemendur í starfsnámi voru almennt með lægri félags- og efnahagsstöðu, höfðu lægri einkunnir á samræmdum prófum, voru ólíklegri til að eiga foreldra með háskólamenntun og síður líklegir til að stefna á háskólanám í framtíðinni.

Fyrirgreind rannsókn náði einungis til höfuðborgarsvæðisins og því væri áhugavert að skoða að hvaða marki það sama á við framhaldsskóla á landsbyggðinni. Rannsóknir hafa bent til þess að nemendur á landsbyggðinni og foreldrar þeirra horfi mjög til staðsetningar skóla þegar þeir velja nám (Elsa Eiríksdóttir o.fl., 2018). Þeir framhaldsskólar sem hafa verið stofnaðir á síðustu þremur áratugum hafa helst til verið smærri skólar á landsbyggðinni og allir bjóða einungis upp á bóknám. Af því leiðir að ef nemendur á landsbyggðinni ætla að fara í framhaldsskóla nærri sinni heimabyggð þá er líklegra að bóknám sé í boði en ef þeir vilja fara í starfsnám þá þurfa þeir að sækja nám fjær heimabyggð.

Innflytjendum hefur fjölgað hratt á Íslandi síðustu áratugi og aukinn fjöldi nemenda með erlendan bakgrunn má sjá í framhaldsskólum (Hagstofa Íslands, e.d.). Ef einungis er horft til þeirra sem teljast innflytjendur samkvæmt Hagstofu Íslands, en það eru nemendur sem eru fæddir erlendis og eiga báða foreldra fædda erlendis, þá voru það 3% nemenda í framhaldsskólum árið 2000 en þetta hlutfall var komið í 13% árið 2017. Þegar horft er á skiptinguna í starfsnám og bóknám sést að frá 2010 hafa hlutfallslega fleiri innflytjendur verið skráðir í starfsnám en bóknám. Árið 2017, sem eru nýjustu skráningartölur eftir tegund náms og uppruna nemenda í gögnum Hagstofu Íslands þegar þetta er skrifað, voru 6% bóknámsnema innflytjendur en 21% starfsnámsnema (Hagstofa Íslands, e.d.).

Af ofangreindu er því ljóst að bakgrunnur nemenda í bóknámi og starfsnámi er á heildina litið ólíkur. Félags- og efnahagsstaða nemendahópsins í starfsnámi er almennt lægri, meðaleinkunnir þeirra við lok grunnskóla eru líka lægri, foreldrar eru síður háskólamenntaðir og nemendur ólíklegri að ætla sér í háskólanám í framtíðinni. Að auki eru hlutfallslega fleiri innflytjendur í starfsnámi en bóknámi.

## Kynjaskipting og aldur

Annað sem einkennir nemendahópinn í starfsnámi er ójöfn kynjaskipting og dreifður aldur nemenda, sérstaklega í samanburði við nemendahópinn í bóknámi.

Í bóknámi er nokkuð jöfn kynjaskipting þó halli örlítið á karlmenn, eða að meðaltali 56% konur og 44% karlar á árunum 1997–2023. Á sama tímabili voru nemendur í starfsnámi 61% karlmenn og 39% konur (Hagstofa Íslands, e.d.). Hlutfall kvenna í starfsnámi hér á landi þykir mjög lágt í alþjóðlegum samanburði, á meðan hlutfall kvenna í bóknámi er með því sem hærra gerist (OECD, 2024). Þegar umsóknir um framhaldsskólanám eru skoðaðar sést að fjöldi umsókna kvenna um að komast í starfsnám hefur minnkað á meðan fjöldi umsókna karla hefur haldið sér (Elsa Eiríksdóttir og Sæberg Sigurðsson, 2023). Að hluta til má útskýra það með því að starfsnámsgreinar á framhaldsskólástigi eru greinar þar sem karlmenn eru í meirihluta (bæði í starfi og námi) og það eru einnig fjölmennustu greinarnar, en á heildina litið eru starfsgreinar gjarnan mjög kynjaskiptar.

Stærsti hluti starfsnáms á framhaldsskólástigi er annars vegar löggiltar iðngreinar og hins vegar uppeldis- og heilbrigðisgreinar (til dæmis sjúkraliðar, tanntæknar og leikskólaliðar). Þær fyrrnefndu eru frekar hefðbundnar karlagreinar og þær síðarnefndu kvennagreinar. Þegar þær 47 starfsgreinar sem kenndar hafa verið reglulega síðustu tvo áratugina og hafa haft fleiri en 10 nemendur skráða á hverju ári voru skoðaðar og kynjaskipting að meðaltali fyrir árin 2019 til 2023 reiknuð kom á daginn að í 40 þeirra var annað kynið yfir 70% nemenda og í 25 þeirra var annað kynið yfir 90% nemenda (Hagstofa Íslands, e.d.). Helstu karlagreinarnar voru löggiltar iðngreinar sem falla undir málmiðngreinar, bíliðngreinar (að undanskilinni bílamálun), rafiðngreinar og bygginga- og mannvirkjagreinar (að undanskilinni húsgagnsmíði). Helstu kvennagreinar voru annars vegar nokkrar löggiltar iðngreinar, til dæmis klæðskurður og kjólasaumur, hársnyrtiðn og snyrtifræði, og svo uppeldis- og heilbrigðisgreinar. Þær greinar sem hvorki töldust karla- eða kvennagreinar voru til dæmis ljósmyndun, bakaraíðn, skrudgardyrkja og framreiðsla.

Í starfsnámi er því mikil kynjaskipting eftir greinum og ákveðnar staðalímyndir sem þeim tengjast. Val á starfsnámi fyrir ungt fólk snýr því ekki aðeins að vali á námi heldur einnig að fást við viðhorf og hefðir tengd kynjaímyndum. Rannsóknir á Íslandi hafa einmitt sýnt að staðalímyndir hafa

áhrif á námsval (Arna Jakobína Björnsdóttir, 2019; Gréta Björk Guðráðsdóttir, 2018; Guðbjörg Vilhjálmsdóttir og Guðmundur B. Arnkelsson, 2005, 2013).

Áhrif vina og jafningjahóps eru einnig til staðar og geta tengst kynjaskiptingu. Til dæmis eru vísbendingar um að sterk tengsl við og áhrif vindahóps hvetji jafnvel stúlkur frekar til hefðbundins námsvals á meðan lausari tengsl gefi tækifæri til óhefðbundnara námsvals (Fríða Kristjánsdóttir, 2020). Hvert vindahópurinn ætlar sér skiptir máli þegar ungmenni velja sér nám og rannsóknir sýna að nemendur sem velja sér bóknám eru líklegri til að hafa elt vindahópin í tiltekinn skóla en að hafa valið sér tiltekið nám. Það andstæða á við nemendur sem velja starfsnám (Kristjana Stella Blöndal og Bjarney Sif Ægisdóttir, 2013; Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2016).

Algengara er að nemendur sem ljúka grunnskóla velji bóknám fram yfir starfsnám þegar sótt er um nám í framhaldsskóla. Aftur á móti er líklegra að nemendur sem eru að sækja um nám í framhaldsskóla þremur árum eða síðar eftir grunnskóla velji starfsnám (Elsa Eiríksdóttir, 2025). Nemendur í starfsnámi eru að meðaltali eldri en nemendur í bóknámi, eða um 26–27 ára í starfsnámi og 19 ára í bóknámi, og þessi munur hefur verið svipaður síðan rétt eftir síðustu aldamót (Hagstofa Íslands, 2018; þingskjal nr. 121/2025). Síðasta áratug hafa um tveir þriðju nemenda í starfsnámi verið eldri en 20 ára (Elsa Eiríksdóttir og Sæberg Sigurðsson, 2023; þingskjal nr. 121/2025). Í sumum tilvikum eru eldri nemendur í starfsnámi í sérhópum þar sem námið er sniðið að vinnu en í öðrum stunda eldri nemendur námið við hlið yngri nemenda (Elsa Eiríksdóttir og Rosvall, 2019). Þessi aldursmunur skiptir máli, í fyrsta lagi þar sem viðvist eldri nemenda í kennslutímum hefur óneitanlega áhrif á kennslubrag og upplifun nemenda af náminu. Í öðru lagi gerir það samanburð á viðhorfi nemenda til námsins flóknari. Nemendur sem eru eldri en dæmigerður framhaldsskólanemi eru í annarri stöðu félagslega sem litar þeirra sýn á námið sem þeir stunda, tilgang þess og mikilvægi; þeir eru líklegri til að stunda atvinnu (ekki aðeins með námi), búa sjálfstætt og bera ábyrgð á börnum. Það er því mikilvægt að taka tillit til þess þegar viðhorf til náms og upplifun framhaldsskólanemenda af námi eru skoðuð.

## Viðhorf til náms og skuldbinding

Ljóst er að hópar nemenda sem velja sér bóknám annars vegar og starfsnám hins vegar eru að mörgu leyti ólíkir. Eins hafa íslenskar rannsóknir sýnt að bóknámsnemendur eru almennt óvissari um námsval sitt en starfsnámsnemendur, sem skiptir máli þar sem meiri óvissa tengist minni skuldbindingu til náms og skóla (Kristjana Stella Blöndal og Bjarney Sif Ægisdóttir, 2013). Skuldbinding til náms vísar hér í tengsl nemenda við námið og skólann, hvort nemendur taki virkan þátt í námi eða félagslífi, sjái tilgang með náminu og finnist það merkingarþætt. Skuldbinding er mikilvæg þar sem sýnt hefur verið fram á að skuldbinding nemenda tengist námsárangri og brotthvarfi úr námi (Fredricks o.fl., 2004; Kristjana Stella Blöndal og Atli Hafþórsson, 2018; Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2012; Rumberger, 1995; Rumberger og Rotermund, 2012).

Þannig hefur verið sýnt fram á að viðhorf nemenda, skuldbinding og námsframvinda þeirra í framhaldsskóla er mismunandi eftir því hvort um ræðir nemendur í starfsnámi eða bóknámi (Kristjana Stella Blöndal og Bjarney Sif Ægisdóttir, 2013; Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2016). Þessar niðurstöður byggja á spurningakönnun sem lögð var fyrir árið 2007 í öllum almennum framhaldsskólum á Íslandi og nemendur svöruðu spurningum sem meðal annars beindust að afstöðu til náms, vissu um námsval, skuldbindingu til náms og líðan í skóla. Niðurstöðurnar sýndu áhugaverðan mun á afstöðu nemenda í starfsnámi og bóknámi á ýmsum þáttum. Starfsnámsnemar sýndu meiri námslega skuldbindingu og meiri vissu um námsval sitt en bóknámsnemendur. Bóknámsnemar sýndu aftur á móti meiri félagslega skuldbindingu og námslegan metnað en starfsnámsnemendur. Þeir voru einnig líklegri til að ljúka námi innan tilsetts tíma og að segja að foreldrar sínir vildu að þeir færu í háskóla. Athygli vakti að stelpur sögðu frekar að foreldrar vildu að þær færu í háskóla og það sama gilti um nemendur sem áttu foreldra með háskólapróf og voru með háar einkunnir á samræmdum prófum

úr 10. bekk grunnskóla. Þannig virtist bakgrunnur nemenda spila hér einnig rullu (Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2016).

Erlendar rannsóknir á viðhorfi til náms og skuldbindingu nemenda í starfsnámi hafa sýnt mikilvægi tengsla við skólann. Stór rannsókn á belgískum nemendum í framhaldsskólum bar saman sjálfstraust (e. self-esteem) gagnvart námi hjá nemendum í bóknámi og starfsnámi, upplifun af fullgildi í skólanum (e. sense of belonging) og þátttöku þeirra í náminu (e. study involvement) (Van Houtte o.fl., 2012; Van Houtte og Stevens, 2009; Van Houtte og Van Maele, 2012). Niðurstöður sýndu að starfsnámsnemendur lögðu minni áherslu á þátttöku í námi og gildi náms almennt en bóknámsnemendur, þeir höfðu einnig minna sjálfstraust og þeim þótti þeir síður eiga þar heima. Túlkun rannsakenda var að starfsnámsnemendur fyndu fyrir að starfsnám þætti síðri kostur í samfélaginu og þessi upplifun þeirra endurspegladi þá almennu sýn að starfsnám væri minna virði. Athygli vakti þó að þessar niðurstöður breyttust ef tekið var tillit til þess hvernig nemendur upplifðu stuðning kennara. Það er, ef nemendur upplifðu stuðning frá kennurum þá tengdust þeir skólanum meira og þótti þeim frekar eiga þar heima. Aðrar rannsóknir hafa einmitt sýnt að stuðningur kennara og jafningja skiptir sköpum fyrir upplifun nemenda í starfsnámi, sérstaklega þeirra sem eru yngri og eiga minna menntaða foreldra (Niittylahti o.fl., 2019, 2023).

Áhugavert er að bera saman niðurstöðurnar frá Belgíu við íslensku niðurstöðurnar sem sýndu að starfsnámsnemendur voru vissari um námsval sitt og námsleg skuldbinding þeirra var meiri. Ein skýring gæti snúið að muni á hvernig nemendur velja sér skóla og nám og hvernig þeir eru valdir inn í skóla, það er að forsendur námsvals nemenda séu ólíkar í löndunum. Önnur skýring gæti verið að mælingar á þátttöku í námi og námslegri skuldbindingu nái til ólíkra þátta. Enn önnur skýring gæti snúið að því hvernig upplifun nemenda í náminu breytist yfir tíma. Heiður Hrund Jónsdóttir og Kristjana Stella Blöndal (2023) sáu að í upphafi náms í framhaldsskóla voru bóknámsnemendur með sterkari sjálfsmýnd í námi (e. academic self-concept) og öruggari um tilgang náms en starfsnámsnemendur. Við lok námstímans í samanburði hafði sjálfsmýnd og öryggi starfsnámsnema aftur á móti eflst, en dregið úr því hjá bóknámsnemendum. Þessar niðurstöður voru túlkaðar þannig að bóknámsáhersla í íslenskum grunnskólum hefði haft neikvæð áhrif á nemendur sem völdu sér svo starfsnám í framhaldsskóla, en við að leggja stund á nám sem tengdist áhuga og getu hefði námsleg sjálfsmýnd þeirra eflst yfir tíma.

Af ofangreindu má ráða að bakgrunnur nemenda og hvort þeir fara í starfsnám eða bóknám tengist upplifun í námi, viðhorfi og skuldbindingu til náms. Á Íslandi virðast nemendur í starfsnámi vera tengdari námi sínu og faginu en nemendur í bóknámi. Bóknámsnemendur eru aftur á móti frekar að horfa til næsta skólastigs, hvað varðar undirbúning og námsframvindu, og félagsleg tengsl þeirra í framhaldsskólanum eru meiri (Kristjana Stella Blöndal og Bjarney Sif Ægisdóttir, 2013; Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2016). Þessar niðurstöður eru þó næstum 20 ára gamlar og ýmislegt hefur breyst á framhaldsskólástiginu á Íslandi síðan þeim gögnum var safnað. Því er mikilvægt að skoða nú aftur upplifun og viðhorf nemenda af námi sínu í framhaldsskóla eftir því hvort um sé að ræða nemendur í starfsnámi eða bóknámi.

Tengt þessu er vitað að brotthvarf úr námi hefur verið meira meðal nemenda í starfsnámi en í bóknámi í gegnum tíðina. Til dæmis var kannað hvert útskriftarhlutfall nemenda sem hófu nám í framhaldsskóla árið 2007 var sex árum síðar. Kom þá í ljós að um það bil 77% nemenda í bóknámi höfðu útskrifast en aðeins 45% nemenda í starfsnámi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014). Samkvæmt skýrslu OECD (2024) hafði sama hlutfall fyrir nemendur í bóknámi hækkað í 87% fyrir nemendur af íslenskum uppruna, sem er sambærilegt við önnur OECD-lönd, og hlutfallið fyrir nemendur af íslenskum uppruna í starfsnámi var komið í 64% sem telst þó enn lágt í samanburði, en algengt er að þetta hlutfall sé á bilinu 70–90% í löndunum í kringum okkur. Brotthvarf úr framhaldsskóla hefur því almennt minnkað á síðasta áratug, en er þó enn meira meðal starfsnámsnemenda en nemenda í bóknámi.

## Markmið og rannsóknarspurningar

Markmið greinarinnar er að bera saman svör nemenda í bóknámi eða starfsnámi er snýr að bakgrunni, viðhorfum til náms, álagi og líðan nemendanna. Vitað er að ólíkir hópar nemenda sækja nám á þessum sviðum og eins að starfsnám þykir gjarnan óæskilegri kostur í samanburði við bóknám. Mikið hefur verið rætt um að efla starfsmenntun og fjölga ungu fólki sem velur sér starfsmenntun í framhaldsskóla en til þess að svo megi verða er mikilvægt að skilja hvernig þessir tveir nemendahópar upplifa nám sitt og veru í skólanum og hvaða munur er þar á. Þannig skapast þekking sem til dæmis nýtist til að leiðbeina nemendum um námsval og skapa umræðu um styrkleika námsins. Einnig geta upplýsingar um reynslu og upplifun af tiltekinni tegund náms verið mikilvægar fyrir framhaldsskóla til að þróa sína starfshætti og sérstaklega skoða nánar hvernig betur er hægt er að koma til móts við tiltekna nemendahópa.

Fyrri rannsóknir hafa sýnt mun á mörgum þessara þátta fyrir nemendur í bóknámi annars vegar og starfsnámi hins vegar, en um níu ár eru síðan þær niðurstöður komu fram. Íslenska æskulýðsrannsóknin, sem var í fyrsta sinn lögð fyrir alla nemendur í framhaldsskólum á Íslandi skólaveturinn 2023 til 2024, gefur mikilvægt tækifæri til að bera saman þessa nemendahópa nú um stundir.

Rannsóknarspurningarnar eru: (1) Hvað einkennir bakgrunn nemenda í bóknámi annars vegar og starfsnámi hins vegar? (2) Er munur á nemendum í bóknámi og starfsnámi út frá viðhorfi til náms, álagi og líðan í námi, ástundun og hvort þeir hafi hug á að hætta í skóla?

## Aðferð

Í þessari rannsókn voru notuð gögn úr Íslensku æskulýðsrannsókninni, sem var rafræn spurningakönnun sem lögð var fyrir nemendur í framhaldsskólum skólaárið 2023 til 2024 (Ragný Þóra Guðjohnsen o.fl., 2024). Þetta var í fyrsta skipti sem könnunin var lögð fyrir í framhaldsskólum en ætlunin er að hún verði framvegis lögð fyrir annað hvert ár. Spurningalisti Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar er umfangsmikill og í þessari rannsókn var aðeins litið til hluta af þeim spurningum sem lagðar voru fyrir þátttakendur. Spurningarnar sem voru notaðar tóku til líðanar í skóla, áhuga á námi, ástundunar, viðhorfs til náms og félagslegra tengsla.

## Þátttakendur

Öllum 38 starfandi framhaldsskólum á Íslandi var boðin þátttaka í Íslensku æskulýðsrannsókninni og tóku 33 þeirra þátt. Könnunina fengu allir nemendur í þessum skólum og eftir hreinsun gagna stóðu eftir alls 7338 svör (Ragný Þóra Guðjohnsen o.fl., 2024). Miðað við fjölda nemenda á framhaldsskólastigi 2023 (Hagstofa Íslands, e.d.) var svarhlutfall 31%. Þetta svarhlutfall er lægra en almenn viðmið um spurningakannanir gera ráð fyrir, sem er um 60%, og því þarf að hafa í huga við túlkun niðurstaðna að þjagi geti verið í gögnunum vegna þessa, þar sem ekki er vitað hvað einkennir hópinn sem svarar könnuninni og þann sem gerir það ekki.

Í þessari rannsókn voru aðeins notuð gögn frá nemendum sem voru skráðir í bóknám eða starfsnám og voru á aldrinum 15–20 ára árið 2023 þegar gagnasöfnun hófst (skráð fæðingarár var á bilinu 2003 til 2008), en það voru alls 5718 þátttakendur (78% af heildarfjölda þátttakenda). Aðrir þátttakendur voru annaðhvort eldri eða í annars konar námi, til dæmis íþróttá- eða listnámi.

Valið á aldursbilinu, 15 til 20 ára, byggir á áhuga rannsakenda á að bera saman svör nema sem eru á „dæmigerðum“ framhaldsskólaaldri. Algengara er í starfsnámi en bóknámi að nemandur sé eldri en tvítugt, en höfundar töldum það geta skekkt niðurstöðurnar að bera saman upplifun af námi ef hóparnir væru á mjög ólíkum æviskeiðum. Af öllum þeim sem svöruðu spurningalistanum var mikill meirihluti þeirra, eða 95%, á aldrinum 15 til 20 ára.

Skipting nemenda eftir tegund náms fór fram með því að flokka námsbrautir í bóknám eða starfsnám. Stuðst var við ÍSNÁM2008-flokkun á námi eftir stefnu og áherslu (Hagstofa Íslands, 2008) til að ákvarða hvort námsbraut teldist starfsnám eða bóknám. Nemendur voru spurðir á hvaða námsbraut þeir stunduðu nám og fengu val um 24 flokka af námsbrautum eða að svara annað og skrifa inn heiti námsbrautar. Flestir flokkar námsbrauta voru augljóslega samansettir af námsbrautum sem tilheyrðu annaðhvort starfsnámi eða bóknámi (til dæmis málabraut og bíltækibraut), en einn flokkur var samsettur úr greinum sem tilheyra bæði starfsnámi og listnámi. Í því tilviki var ákveðið að flokka það sem starfsnám því flestar greinar sem taldar voru upp sem dæmi tilheyra löggiltum iðngreinum (ljósmyndun, fatasaumur, húsgagnabólstrun, gull- og silfursmíði). Því voru einhverjir svarendur í þessum flokki námsbrauta nemendur í listnámi en ekki starfsnámi. Alls voru 4236 nemendur (74%) flokkaðir sem bóknámsnemendur og 1482 (26%) sem starfsnámsnemendur. Það er aðeins lægra hlutfall en í skráningu Hagstofu Íslands (e.d.), en þar er hlutfall nemenda í starfsnámi 31% árið 2023. Ástæðan er sennilega sú að nemendur eldri en 20 ára sækja frekar í starfsnám og þeirra viðbót hækkar hlutfall nemenda sem skráðir eru í starfsnám almennt.

Af þessum 5718 þátttakendum voru 2387 karlkyns (41,7%), 3112 kvenkyns (54,4%), 101 kynsegin (1,8%) og 118 (2,1%) vildu ekki svara eða svöruðu „annað“. Fleiri nemendur af öllum kynjum í þessari rannsókn voru skráðir í bóknám en starfsnám, en það gildi sérstaklega um kvenkyns nemendur þar sem aðeins einn af hverjum fjórum þeirra var skráður í starfsnám. Þessar tölur eru í ágætu samræmi við tölur Hagstofu Íslands (e.d.), en hlutfall starfsnámsnemenda í framhaldsskólum er þar hærra fyrir bæði karlkyns og kvenkyns nemendur, eða 45% fyrir karlkyns og 24% kvenkyns. Munurinn á tölum Hagstofunnar og þeim sem birtast í þessari rannsókn skýrist helst af aldursbilinu sem er valið, 15–20 ára, en þar eru hlutföllin í starfsnámi lægri en þegar heildin er skoðuð. Fjöldi starfsnámsnemenda yfir tvítugt er umtalsverður, hefur farið hækkandi síðustu áratugina og það á sérstaklega við um karlkyns nemendur.

## Mælitæki

Spurningakönnun Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar sem lögð var fyrir í framhaldsskólum skólaárið 2023–2024 tók til ólíkra og víðtækra þátta í lífi ungs fólks auk þess sem spurt var um bakgrunn þeirra. Helstu þættirnir voru menntun, heilsa og velferð, öryggi og vernd, þátttaka og félagsleg tengsl og lífsgæði og félagsleg staða (Ragný Þóra Guðjohnsen o.fl., 2024). Töluverður fjöldi spurninga féll undir hvern þátt en hér eru aðeins skoðaðar niðurstöður spurninga sem tengdust bakgrunni nemenda og upplifun af námi og skóla. Flestar spurningarnar voru hluti af heildarkönnun Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar en einnig bættu rannsakendur við nokkrum spurningum. Þær spurningar voru fengnar úr rannsókn Kristjönu Stellu Blöndal o.fl. (2016), með leyfi, og sneru að viðhorfi til náms, líðan í skóla og brotthvarfi. Sumar þeirra hafa verið notaðar sem hluti af ákveðnum þáttum sem lýsa skuldbindingu til náms í fyrri rannsóknum út frá þáttgreiningu, en hér eru þær notaðar stakar. Allar spurningarnar sem hér er unnið með eru lokaðar og flestar með 5-punkta Likert-kvarða. Þegar þátttakendur voru beðnir um að taka afstöðu til staðhæfinga voru möguleikarnir til dæmis: mjög ósammála, ósammála, hvorki né, sammála og mjög sammála.

Þær spurningar tengdar bakgrunni nemenda sem hér voru notaðar sneru að því hversu vel svarendur mátu fjölskyldu sína hafa það fjárhagslega, búsetuform þeirra og menntun foreldra.

Viðhorf til náms var metið annars vegar með þremur spurningum og staðhæfingum sem sneru að áhuga á náminu (til dæmis: „hve mikinn áhuga hefur þú á náminu?“ og „ég hef ánægju af því sem ég geri í kennslustundum“) og hins vegar með fimm sem sneru að tilgangi náms og mikilvægi fyrir framtíðina (til dæmis: „mér finnst námið hafa tilgang“ og „í skólanum læri ég færni sem er mikils virði“).

Álag í námi var metið með fjórum spurningum og staðhæfingum, til dæmis „hversu miklu álagi verður þú fyrir vegna skólanámsins?“ og „það er mikilvægt að leggja sig fram við námið“. Spurningar um mikilvægi þess að leggja sig fram voru hér flokkaðar með álagi í námi þar sem afstaða til þess hefur áhrif á álagið sem nemendur upplifa.

Líðan í skóla var metin með fjórum spurningum og staðhæfingum, til dæmis „hvernig líkar þér í skólanum?“ og „ég tek virkan þátt í félagslífinu“.

Það að skrópa og vilja hætta í skóla var metið með fimm spurningum og staðhæfingum, til dæmis „undanfarnar tvær vikur, hversu oft hefur þú skrópað í tíma?“ og „mig langar að hætta í skólanum sem ég er í“.

## Úrvinnsla og greining gagna

Úrvinnsla úr spurningunum grundvallaðist á að skoða þær stakar og bera saman hlutföll þátttakenda í hvorum hópi, bóknámsnemum og starfsnámsnemum, sem svöruðu hverri spurningu á tiltekinn hátt. Gögnin voru ekki vigtuð þrátt fyrir ólíkan fjölda þátttakenda í hvorum hópi, þar sem hlutfallsleg stærð hópanna er í samræmi við þýðið. Aftur á móti var svarhlutfall það lágt fyrir könnunina í heild að ekki er hægt að vera viss um að úrtak hvors hóps endurspegli þýðið í raun, og því þarf að setja þann fyrirvara á túlkun niðurstaðna. Einnig var ákveðið að greina aðeins svör nemenda á aldrinum 15 til 20 ára til að koma í veg fyrir mögulegan bjaga í niðurstöðum vegna eldri nemenda í starfsnámi og auka samanburðarhæfi hópanna.

Í einni spurningu, þar sem nemendur voru spurðir um hversu miklum tíma þeir vörðu í heimanám á dag, voru upphaflegir svarkostir sem gefnir voru upp í mínútum og klukkustundum umreiknaðir í mínútur til að einfalda samanburð.

Tölfræðilegur samanburður á svörum bóknáms- og starfsnámsnemenda var gerður með Pearson kí-kvaðrat prófi og t-prófi. Við mat á styrk tengsla í krosstöflum var notast við Cramer's  $V$ . Þar sem lágmarksfjöldi raða í krosstöflum var í öllum tilfellum tvær raðir var  $V \approx 0,10$  túlkuð sem lítil tengsl,  $V \approx 0,30$  sem miðlungs tengsl og  $V \geq 0,50$  mikil tengsl. Fyrir samanburð á meðaltölum var notast við Cohen's  $d$  þar sem  $d \approx 0,20$  taldist lítill munur,  $d \approx 0,50$  miðlungs munur og  $d \geq 0,80$  mikill munur (Cohen, 1988). Þessi samræmdu viðmið voru notuð til að meta hagnýta þýðingu niðurstaðna til viðbótar við hefðbundin marktektarpróf. Í öllum marktektarprófum var miðað við  $p < 0,05$  fyrir marktækni.

## Framkvæmd

Íslenska æskulýðsrannsóknin er framkvæmd af Menntavísindasviði Háskóla Íslands fyrir Mennta- og barnamálaráðuneytið á grundvelli 12. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007. Markmiðið er að „safna gögnum um velferð og viðhorf barna og ungs fólks og gera niðurstöður aðgengilegar til að styðja við stefnumótun“ (Íslenska æskulýðsrannsóknin, e.d.).

Beiðni um þátttöku var send til allra 38 starfandi framhaldsskóla á landinu og fengust jákvæð svör frá 33 þeirra. Svarhlutfall eftir skólum var ólíkt, var hæst 83% og lægst 7%, en 37% að meðaltali yfir heildina (Ragný Þóra Guðjohnsen o.fl., 2024).

Framkvæmd var með þeim hætti að tengiliður Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar í hverjum skóla sá um að senda könnunina til nemenda með tölvupósti og hafði sömuleiðis umsjón með fyrirlögninni. Gagnasöfnun fór fram frá 25. október 2023 til 16. apríl 2024.

Vegna umfangs spurninga í könnuninni voru ekki allar spurningar sendar á alla þátttakendur, heldur voru ákveðnar spurningar sendar aðeins þriðjungu til að stytta spurningalistann sem hver nemandi svaraði. Þessi þriðjungur var valinn af handahófi innan hvers skóla, þannig að hver þriðjungur

nemenda í hverjum skóla fékk spurningakönnun sem innihélt að hluta til ólíkar spurningar. Því eru í sumum niðurstöðum töluvert lægri fjöldi svarenda en í öðrum, en þegar það á við er það sérstaklega tekið fram í niðurstöðunum og fjöldi svarenda gefinn upp.

## Niðurstöður


Markmið rannsóknarinnar var að bera saman svör nemenda í bóknámi eða starfsnámi er snúa að bakgrunni, viðhorfum til náms, álags og líðan nemendanna. Rannsóknarspurningarnar sneru annars vegar að því hvað einkennir nemendahópna sem velja starfsnám eða bóknám og hins vegar að samanburði á viðhorfum þeirra til náms, álagi í námi, líðan í skóla, skrópi og hvort nemendur hafi hugleitt að hætta í skóla.

## Bakgrunnur nemenda

Bakgrunnur nemenda var skoðaður út frá spurningum sem sneru að fjárhag fjölskyldu, búsetuformi og menntun foreldra. Marktækur munur var á mati nemenda í bóknámi og starfsnámi á fjárhag fjölskyldu sinnar ( $\chi^2(4, N = 5700) = 72,3; p < 0,001; V = 0,11$ ) en nemendur í bóknámi töldu fjölskyldu sína hafa það betra fjárhagslega en nemendur í starfsnámi (sjá *Mynd 1*).

### Mynd 1

*Svör nemenda (%) í bóknámi og starfsnámi við spurningunni: Hversu gott telur þú fjölskyldu þína hafa það fjárhagslega?*



Langflestir framhaldsskólanemenda á aldrinum 15–20 ára sögðust búa með foreldrum sínum (sjá *Töflu 1*) en marktækur munur var á búsetuformi nemenda í bóknámi og starfsnámi er sneri að þremur valkostum. Nemendur í bóknámi voru marktækt líklegri til að búa með foreldrum en nemendur í starfsnámi voru marktækt líklegri til að búa á heimavist, í eigin húsnæði eða í leiguhúsnæði á eigin vegum.

### Tafla 1

*Samanburður á búsetuformi nemenda í bóknámi og starfsnámi (%)*

Búsetuform <sup>a</sup>	Bóknám (%)	Starfsnám (%)	$\chi^2$	<i>df</i>	<i>p</i>	<i>V</i>
Ég bý með foreldrum	88,4	81,5	44,50	1	<0,001	0,09
Ég bý í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði á eigin vegum	0,7	2,4	27,40	1	<0,001	0,07
Ég bý á heimavist	3,9	6,4	15,30	1	<0,001	0,05
Ég bý með öðrum aðstandendum (t.d. afa og ömmu eða eldra systkini)	1,8	3,0	7,48	1	0,006	0,04
Ég bý í íbúð með séringangi í húsnæði foreldra eða aðstandenda	1,3	1,6	0,60	1	0,440	0,01
Annað	3,8	5,1	4,25	1	0,039	0,03

*Athugasemd.* *V* = Cramers *V* áhrifsstærð.

<sup>a</sup> Raðað frá mesta til minnsta munar að frátöldu búsetuforminu „Annað“ sem var haft neðst.

Munur var á menntunarstigi foreldra eftir því hvort nemendur voru í bóknámi eða starfsnámi (sjá *Töflu 2*). Hlutfall mæðra með sveinspróf eða starfsréttindapróf var álíka í báðum hópum en munur á hlutfalli fedra með sömu próf var marktækur. Hlutfall foreldra með stúdentspróf og háskólapróf var marktækt hærra meðal nemenda í bóknámi en starfsnámi.

**Tafla 2**

*Samanburður á menntun foreldra nemenda í bóknámi og starfsnámi (%)*

Menntun foreldra <sup>a</sup>	Bóknám (%)	Starfsnám (%)	$\chi^2$	df	$p^b$	V
Móðir með háskólapróf	66,0	50,4	111,00	1	<0,001	0,14
Faðir með háskólapróf	51,4	35,3	110,00	1	<0,001	0,14
Faðir með stúdentspróf	57,0	43,7	74,40	1	<0,001	0,12
Móðir með stúdentspróf	67,3	56,6	54,90	1	<0,001	0,10
Faðir með sveinspróf/ starfsréttindapróf	29,7	34,1	9,49	1	0,002	0,04
Móðir með sveinspróf/ starfsréttindapróf	17,0	17,2	0,03	1	0,872	0,00

*Athugasemd.* V = Cramers V áhrifsstærð.


<sup>a</sup> Raðað frá mesta til minnsta munar. <sup>b</sup> Nemendur gátu merkt við fleiri en einn svarmöguleika.

## Viðhorf til náms

Viðhorf til náms vísar til spurninga sem tengdust áhuga nemenda á náminu, tilgangi þess og mikilvægi fyrir framtíðina. Þegar spurt var hve mikinn áhuga nemendur höfðu á náminu (sjá *Mynd 2*) kom í ljós að starfsnámsnemendur höfðu marktækt meiri áhuga á námi sínu en bóknámsnemendur ( $\chi^2$  (4,  $N = 5612$ ) = 342;  $p < 0,001$ ;  $V = 0,25$ ).

**Mynd 2**

*Svör nemenda (%) í bóknámi og starfsnámi við spurningunni: Hve mikinn áhuga hefur þú á náminu?*



Nemendur voru líka beðnir um að taka afstöðu til ýmissa annarra staðhæfinga um tilgang námsins og mikilvægi þess fyrir framtíðina (sjá *Töflu 3*). Þar má sjá að nemendur í starfsnámi höfðu marktækt meiri ánægju af því sem þeir gerðu í kennslustundum (sjá *Mynd 3*) og töldu að það sem þeir lærðu í skólanum væri nauðsynlegt til að ganga vel í framtíðinni (sjá *Mynd 4*). Þeir voru líka marktækt frekar sem töldu námið veitti þeim gagnlegan undirbúning fyrir það sem þeir stefndu á að gera í lífinu (sjá *Mynd 5*) og að í skólanum lærðu þeir færni sem væri mikils virði (sjá *Mynd 6*). Bóknámsnemendur voru aftur á móti marktækt frekar á því að finnast flest í náminu leiðinlegt (sjá *Mynd 7*). Að öðru leyti var ekki marktækur munur á viðhorfum hópanna (sjá *Myndir 8–9* og *Töflu 3*).

**Tafla 3**

*Samanburður á ýmsum viðhorfum nemenda í bóknámi og starfsnámi til náms*


Viðhorf til náms	<i>n</i>	$\chi^2$	<i>df</i>	<i>p</i>	<i>V</i>
Ég hef ánægju af því sem ég geri í kennslustundum <sup>a</sup>	5568	103,00	4	<0,001	0,14
Það sem við lærum í skólanum er nauðsynlegt til að ganga vel í framtíðinni <sup>a</sup>	5559	25,00	4	<0,001	0,07
Námið veitir mér gagnlegan undirbúning fyrir það sem ég stefni á að gera í lífinu <sup>a</sup>	1839	11,70	4	0,020	0,08
Í skólanum læri ég færni sem er mikils virði <sup>a</sup>	1832	18,10	4	0,001	0,10
Mér finnst flest í náminu leiðinlegt <sup>b</sup>	5582	53,90	4	<0,001	0,10
Mér finnst námið mitt hafa tilgang	5614	9,29	4	0,054	0,04
Skóli er oft tímasóun	1843	1,52	4	0,823	0,03

*Athugasemd.* *V* = Cramers *V* áhrifsstærð. Svör á skalanum: Mjög sammála – Sammála – Hvorki né – Ósammála – Mjög ósammála.

<sup>a</sup> Tölfræðilega marktækur munur þar sem nemendur í starfsnámi eru frekar sammála fullyrðingunni en nemendur í bóknámi (sjá *Myndir 3, 4 og 7*). <sup>b</sup> Tölfræðilega marktækur munur þar sem nemendur í bóknámi eru frekar sammála fullyrðingunni en nemendur í starfsnámi (sjá *Mynd 5*).


**Mynd 3**

*Afstaða nemenda (%) í bóknámi og starfsnámi til staðhæfingarinnar: Ég hef ánægju af því sem ég geri í kennslustundum*




**Mynd 4**

*Afstaða nemenda (%) í bóknámi og starfsnámi til staðhæfingarinnar: Það sem við lærum í skólanum er nauðsynlegt til að ganga vel í framtíðinni*




**Mynd 5**

*Afstaða nemenda (%) í bóknámi og starfsnámi til staðhæfingarinnar: Námið veitir mér gagnlegan undirbúning fyrir það sem ég stefni á að gera í lífinu*




**Mynd 6**

*Afstaða nemenda (%) í bóknámi og starfsnámi til staðhæfingarinnar: Í skólanum læri ég fjærni sem er mikils virði*




**Mynd 7**

*Afstaða nemenda (%) í bóknámi og starfsnámi til staðhæfingarinnar: Mér finnst flest í náminu leiðinlegt*




**Mynd 8**

*Afstaða nemenda (%) í bóknámi og starfsnámi til staðhæfingarinnar: Mér finnst námið mitt hafa tilgang*



## Mynd 9

Afstaða nemenda (%) í bóknámi og starfsnámi til staðhæfingarinnar: Skóli er oft tímasóun




## Álag í námi

Nokkrar spurningar sneru að álagi á nemendur og hversu mikilvægt þeir töldu að leggja sig fram í námi (sjá Mynd 10). Marktækur munur var á nemendum í bóknámi og starfsnámi en nemendur í bóknámi mátu sig marktækt undir meira álagi vegna skólanámsins ( $\chi^2(4, N = 5686) = 156; p < 0,001; V = 0,17$ ).

## Mynd 10

Svör nemenda (%) í bóknámi og starfsnámi við spurningunni: Hversu miklu álagi verður þú fyrir vegna skólanámsins?



Skýringin á muninum á álagi á hópana gæti að hluta lagið í umfangi heimanáms en marktækur munur var á þeim tíma sem nemendur vörðu í heimanám eftir því hvort þeir voru í bóknámi eða starfsnámi. Niðurstaða t-prófs sýndi að nemendur í bóknámi ( $M = 71,0; sf = 60,4$ ) eyddu að jafnaði marktækt fleiri mínútum í heimanám á dag en nemendur í starfsnámi ( $M = 53,6; sf = 64,8$ ),  $t(5673) = 17,4; p < 0,001; d = 0,28$ ).

Tvær aðrar spurningar sneru að álagi í námi (sjá Töflu 4). Nemendur í bóknámi voru marktækt frekar á því að mikilvægt væri að leggja sig fram við námið (sjá Mynd 11). Lítil sem enginn munur var aftur á móti á afstöðu nemenda til staðhæfingar um að mikilvægt væri að leggja sig fram í námi til að ná árangri á vinnumarkaði (sjá Mynd 12).

## Tafla 4

Samanburður á viðhorfum nemenda í bóknámi og starfsnámi sem tengjast álagi í námi


Viðhorf tengd álagi í námi	$\chi^2$	$df$	$p$	$V$
Það er mikilvægt að leggja sig fram við námið <sup>a</sup>	34,60	4	<0,001	0,08
Til að ná árangri á vinnumarkaði skiptir máli að leggja mikið á sig í námi	1,74	4	0,783	0,02

Athugasemd.  $V$  = Cramers  $V$  áhrifsstærð.

<sup>a</sup> Tölfræðilega marktækur munur þar sem nemendur í bóknámi eru frekar sammála fullyrðingunni en nemendur í starfsnámi.


### Mynd 11

Afstaða nemenda (%) í bóknámi og starfsnámi til staðhæfingarinnar: Það er mikilvægt að leggja sig fram við námið



### Mynd 12

Afstaða nemenda (%) í bóknámi og starfsnámi til staðhæfingarinnar: Til að ná árangri á vinnumarkaði skiptir máli að leggja mikið á sig í námi




### Líðan í skóla

Nokkrar spurningar sneru að líðan nemenda í skólanum. Langflestum nemendum virðist líka mjög vel eða þokkalega í skólanum (sjá Mynd 13) en munurinn var ekki marktækur á milli nemenda í bóknámi og starfsnámi.

### Mynd 13


Svör nemenda (%) í bóknámi og starfsnámi við spurningunni: Hvernig líkar þér í skólanum?



Þegar nemendur voru spurðir hvernig þeim leið í hléum/eyðum í skólanum svaraði meirihluti nemenda í báðum hópum að þeim líði frekar eða mjög vel (sjá Mynd 14) en ekki reyndist marktækur munur á hópunum.

### Mynd 14


Swör nemenda (%) í bóknámi og starfsnámi við spurningunni: *Hvernig líður þér í hléum/leyðum í skólanum?*



Ekki reyndist heldur marktækur munur á hópunum þegar spurt var hvort nemendum fyndist þeir tilheyra tilteknum hópi í skólanum.

### Mynd 15


Afstaða nemenda (%) í bóknámi og starfsnámi til staðhæfingarinnar: *Mér finnst ég vera hluti af tilteknum hópi í skólanum (n = 1830)*



Nemendur í bóknámi tóku marktækt meiri þátt í félagslífi í skólanum en nemendur í starfsnámi ( $\chi^2(3, N = 5473) = 97,3; p < 0,001; V = 0,13$ ; sjá *Mynd 16*). Munur á hópunum fólst aðallega í að hlutfallslega fleiri starfsnámsnemendur voru líklegri til að segjast taka lítinn eða engan þátt í félagslífinu.

### Mynd 16

Afstaða nemenda (%) í bóknámi og starfsnámi til staðhæfingarinnar: *Ég tek virkan þátt í félagslífinu*




## Að skrópa og að vilja hætta í skóla

Tvær spurningar í rannsókninni sneru að skrópi nemenda. Í annarri var spurt um skróp í tímum og í hinni um skróp heilan dag. Ekki kom fram marktækur munur á nemendum í bóknámi og starfsnámi þegar spurt var hversu oft nemendur hefðu skróp að í tíma undanfarnar tvær vikur (sjá *Mynd 17*).

Þegar spurt var hversu oft þeir hefðu skrúpað heilan dag undanfarnar tvær vikur (sjá Mynd 18) kom fram marktækur munur ( $\chi^2(4, N = 5476) = 42,6; p < 0,001; V = 0,09$ ) en nemendur í starfsnámi voru líklegri til að hafa skrúpað í heilan dag. Þessi munur skýrist hugsanlega af því hvernig stundatöflur eru skipulagðar því verklegir tímar í starfsnámi eru oft margir samhangandi tímar í röð í sama fagi og stundum er ekki annað á dagskrá nemandans þann daginn.


### Mynd 17

*Svör nemenda (%) í bóknámi og starfsnámi við spurningunni: Undanfarnar 2 vikur, hversu oft hefur þú skrúpað í tíma?*



### Mynd 18


*Svör nemenda (%) í bóknámi og starfsnámi við spurningunni: Undanfarnar 2 vikur, hversu oft hefur þú skrúpað í heilan dag?*



Þrjár spurningar sneru að því að kanna vilja nemenda til að hætta í námi (sjá Myndir 19, 20 og 21) og sjá má á þeim að lítill hluti nemenda íhugaði að hætta í skólanum sem þeir voru í, skipta um skóla eða hætta í framhaldsskóla og fara að gera eitthvað annað. Þegar munur á afstöðu nemenda í bóknámi og starfsnámi var skoðaður fyrir þessar spurningar var niðurstaðan breytileg eftir því hvernig spurt var. Ekki var marktækur munur á afstöðu nemendahópanna til staðhæfinganna *Mig langar til að hætta í skólanum sem ég er í* og *Mig langar að skipta um skóla*, en marktækur munur var á afstöðu þeirra til staðhæfingarinnar *Ég er að íhuga að hætta í framhaldsskóla og gera eitthvað annað en að vera í skóla* ( $\chi^2(4, N = 5602) = 74,6; p < 0,001; V = 0,12$ ). Nemandur í starfsnámi voru oftari að íhuga að hætta í framhaldsskóla og gera eitthvað annað en að vera í skóla.


### Mynd 19

Afstaða nemenda (%) í bóknámi og starfsnámi til staðhæfingarinnar: Mig langar að hætta í skólanum sem ég er í




### Mynd 20

Afstaða nemenda (%) í bóknámi og starfsnámi til staðhæfingarinnar: Mig langar að skipta um skóla



### Mynd 21

Afstaða nemenda (%) í bóknámi og starfsnámi til staðhæfingarinnar: Ég er að ihuga að hætta í framhaldsskóla og gera eitthvað annað en að vera í skóla



Þeir nemendur sem sögðust vera að hugsa um að hætta í náminu voru spurðir um ástæður þess og máttu velja fjögur atriði (sjá *Töflu 5*). Algengustu ástæður sneru að náminu; að ráða ekki við námið, ganga illa í náminu eða vera haldinn námsleiða, og gildi það um bæði nemendur í starfsnámi og bóknámi. Eins voru hlutfallslega nokkuð margir sem sögðu erfið samskipti vera ástæðuna. Aðeins eitt atriði gaf marktækan mun á hópnum tveimur en það var peningavandræði sem átti meira við um nemendur í starfsnámi.

**Tafla 5***Samanburður á ástæðum þess að nemendur í bóknámi og starfsnámi (n = 720) hugleiða að hætta í skóla*

Ástæður mögulegs brottfalls <sup>a</sup>	Bóknám (%)	Starfsnám (%)	$\chi^2$	df	$p^b$	V
Peningavandræði	18,8	29,2	9,63	1	0,002	0,12
Tilboð um gott starf	11,5	15,5	2,36	1	0,125	0,10
Lítill tilgangur með námi	31,6	25,8	3,25	1	0,071	0,07
Erfið samskipti við kennara eða starfsmenn skólans	11,3	14,8	1,80	1	0,179	0,05
Erfið samskipti við aðra nemendur í skólanum	14,9	18,2	1,00	1	0,318	0,04
Námsleiði	32,4	29,2	0,90	1	0,343	0,04
Erfiðar aðstæður heima	10,0	13,3	1,36	1	0,243	0,04
Það gekk illa í náminu	34,3	30,3	1,34	1	0,248	0,04
Vil ekki svara	17,1	18,9	0,48	1	0,489	0,03
Nám er ekki nauðsynlegt fyrir starf sem þú vilt	14,5	15,5	0,13	1	0,723	0,01
Þér finnst þú ekki ráða við nám	40,7	41,3	0,00	1	0,997	0,00

*Athugasemd.* V = Cramers V áhrifsstærð.<sup>a</sup> Ráðað frá mesta til minnsta munar. <sup>b</sup> Nemendur gátu valið fjögur atriði.

## Umræður

Greinin varpar ljósi á þann mun sem er á bakgrunni nemenda í bóknámi og starfsnámi í framhaldsskólum, þann mun sem er á viðhorfum nemendanna til náms og námsálags, og líðan þeirra í skóla almennt. Skoðuð voru svör nemenda í Íslensku æskulýðsrannsókninni sem lögð var fyrir í framhaldsskólum í fyrsta sinn veturinn 2023–2024. Borin voru saman svör nemenda á aldrinum 15–20 ára og reyndist munur vera til staðar í nokkrum mikilvægum atriðum. Sum þessara atriða voru í samræmi við fyrri rannsóknir en önnur ekki.

Niðurstöðurnar varðandi bakgrunn nemenda voru í samræmi við fyrri rannsóknir á tengslum bakgrunnsbreytna og námsvals er varðar fjárhagslega stöðu og menntun foreldra (Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2016, 2024). Nemendur í starfsnámi voru líklegri til að eiga foreldra með minni menntun og búa við verri fjárhag. Að auki kom fram að líklegra er að nemendur í starfsnámi búi ekki foreldrahúsum, sem kemur ekki endilega á óvart því starfsnám er óvída í boði á landsbyggðinni, sér í lagi fámennari námsgreinar, og nemendur þurfa oft að flytja búferlum til að sækja slíkt nám (Elsa Eiríksdóttir o.fl., 2018).

Margar niðurstöður voru þó jákvæðari fyrir nemendur í starfsnámi en í bóknámi. Nemendur í starfsnámi höfðu til dæmis jákvæðara viðhorf til námsins. Þeir höfðu líka meiri áhuga á náminu, meiri ánægju af því sem fram fór í kennslustundum og það var ólíklegra að þeim fyndist flest í náminu leiðinlegt. Nemendur í starfsnámi virðast því tengdari námi sínu en nemendur í bóknámi en þær niðurstöður eru í samræmi við fyrri niðurstöður hérlendis (Kristjana Stella Blöndal og Bjarney Sif Ægisdóttir, 2013; Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2016).

Almennt voru nemendur, bæði í bóknámi og starfsnámi, á því að nám í framhaldsskóla hefði tilgang, veitti þeim gagnlegan undirbúning fyrir það sem þeir stefndu á að gera í lífinu, væri nauðsynlegt til að ganga vel í framtíðinni og að þar lærðu þeir mikilvæga færni. Það sem mældist breytilegt á milli

hópanna var að nemendur í starfsnámi virtust leggja meira upp úr þeirri færni sem þarna lærðist og þeim fannst hún mikilvægari til að ganga vel í framtíðinni en nemendum í bóknámi. Þessi niðurstaða er skiljanleg í ljósi þess að starfsnám menntar til ákveðinna starfa í samfélaginu og því oftari tenging á milli þess sem fengist er við í skólanum og starfa á vettvangi. Þetta gæti sömuleiðis útskýrt meiri áhuga á náminu, en ef nemendur sjá tilgang í því sem fengist er við og persónulegan ávinning á að ná tókum á efninu er líklegra að áhugi sé meiri (sjá til dæmis Eccles og Wigfield, 1995). Bóknám er almennara og undirbýr nemendur undir nám á háskólastigi á breiðu sviði, því er kannski erfiðara að sjá beinan tilgang með því sem farið er yfir í kennslustundum í skólanum.

Á heildina litið töldu nemendur í bóknámi sig vera undir meira álagi vegna námsins og vörðu meiri tíma í heimavinnu en nemendur í starfsnámi. Mikill meirihluti allra nemenda taldi mikilvægt að leggja sig fram í náminu en nemendur í bóknámi töldu það þó marktækt mikilvægara. Þegar spurt var hvort skipti máli að leggja sig fram til að ná árangri á vinnumarkaði voru ekki eins margir nemendur sammála þeirri staðhæfingu og enginn munur fannst á hópunum. Þetta gefur til kynna að meiri þrýstingur og álag sé á nemendum í bóknámi en starfsnámi, og að þrýstingur um að leggja sig fram sé ekki endilega tengdur velgengni á vinnumarkaði. Því má velta fyrir sér hvort sá þrýstingur tengist frekar væntingum foreldra eða fjölskyldu, og velgengni í háskólanámi í framtíðinni.

Nemendur í bóknámi tóku frekar þátt í félagslífi skólans, þeim fannst þeir frekar tilheyra tilteknum hópi í skólanum og leið marktækt betur í hléum en nemendum í starfsnámi. Þetta er í samræmi við fyrri rannsóknir (Kristjana Stella Blöndal og Bjarney Sif Ægisdóttir, 2013; Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2016). Enginn munur fannst þó á hversu vel þeim líkaði almennt í skólanum en mikill meirihluti nemenda í bæði bóknámi og starfsnámi sagðist líka vel eða þokkalega vel í skólanum. Eftir stendur að 7–8% nemenda í framhaldsskóla á aldrinum 15–20 ára líkar ekki eða alls ekki vel í skólanum. Ef það hlutfall er reiknað yfir á alla nemendur í framhaldsskólum má gera ráð fyrir að yfir þúsund framhaldsskólanemendum líði ekki vel eða alls ekki vel í skólanum, sem er áhyggjuefni.

Samkvæmt rannsókninni var skróp álíka algengt meðal nemenda í bóknámi og starfsnámi. Nemendur í starfsnámi voru reyndar marktækt líklegri til að hafa skrópað heilan dag en munurinn var ekki mikill og hann skýrist væntanlega mest af skipulagi stundataflna, en í stundatöflum starfsnáms ná tímar gjarnan yfir lengra tímabil á deginum. Nemendur í báðum hópum voru álíka líklegir til að vilja hætta í þeim skólum sem þeir voru í og að vilja skipta um skóla, en þegar spurt var að því hvort þeir væru að hugsa um að hætta alveg í skóla og fara að gera eitthvað annað þá voru nemendur í starfsnámi marktækt líklegri til þess. Algengustu ástæður sem gefnar voru fyrir því voru vandræði með nám eða áhugaleysi, en einnig erfið samskipti og peningavandræði.

Ein meginályktunin sem draga má af niðurstöðunum í heild – og haft skal í huga að einungis er rætt um nemendur á aldrinum 15–20 ára – er að hlutfall nemenda sem hefur jákvætt viðhorf til námsins er herra meðal starfsnámsnemenda en bóknámsnemenda. Það má velta fyrir sér hvort það stafi af meiri vissu um námsval sitt líkt og Kristjana Stella Blöndal og samstarfsfólk hafa ályktað (Kristjana Stella Blöndal og Bjarney Sif Ægisdóttir, 2013; Kristjana Stella Blöndal o.fl., 2016). Nemendur sem velja starfsnám eru í raun að velja ólíkt flestum jafnöldrum sínum og gegn hefðbundinni virðingarstöðu náms í samfélaginu, og má því ætla að þeir hafi ígrundað námsval sitt betur. Áhersla bóknámsnemenda er frekar á félagslega hlið framhaldsskólans og mikilvægi þess að undirbúa sig undir frekara nám. Það eru því vísbendingar um ólíkar forsendur námsvals sem þarfnast frekari rannsókna, en eins er mikilvægt að hafa þetta allt í huga þegar rætt er um að efla starfsnám.

Stór hluti umræðunnar um að efla starfsnám snýr að því að hvetja ungt fólk til að velja starfsnám í framhaldsskóla. Til að gera það er mikilvægt að skilja reynslu þeirra og upplifun, bæði jákvæða og neikvæða. Hægt er að nýta þessar upplýsingar til að leggja áherslu til dæmis á það sem er eftirsóknarvert við starfsmenntun, en einnig til að skoða og bæta úr þeim þáttum sem draga úr ánægju. Sérstaklega er það mikilvægt varðandi auknar líkur á brotthvarfi frá námi hjá þessum nemendahópi. Sumar þessara aðgerða væru á borði framhaldsskólanna sem þá gætu þróað starfshætti til að vinna á móti því

sem markar neikvæða reynslu nemenda, til dæmis það sem snýr að þátttöku í félagslífi og tækifærum til tengslamyndunar. Aðrar væru frekar á borði menntayfirvalda, til dæmis það sem snýr að áhættu á brottfarfi. Einnig er mikilvægt að skoða hvernig hægt er að nýta upplýsingar um reynslu og upplifun nemenda sem velja sér bóknám. Til dæmis mætti skoða hvernig hægt er að aðstoða nemendur við val á námsleið út frá áhuga og hvernig hægt er að gera tilgang námsins skýrari fyrir nemendum.

Á heildina litið sýna niðurstöðurnar að, óháð því hvort nemendur í íslenskum framhaldsskólum leggja stund á bóknám eða starfsnám, þá hafa þeir almennt jákvætt viðhorf til námsins sem þeir stunda og líður vel í skólanum, sem hljóta að teljast góðar fréttir. Aftur á móti er minnihluti sem ekki virðist þrífast jafn vel og mikilvægt er að skoða þann hóp betur svo hægt sé að finna leiðir til að koma til móts við hann.

### **Comparing Academic and Vocational Students in Upper Secondary Education in Iceland: Background, Well-Being, Workload and Attitudes towards Learning**

The aim of this study was to compare students enrolled in academic and vocational programmes in Icelandic upper secondary schools, focusing on their socio-economic background, attitudes towards learning, perceived workload and overall well-being at school. A particular objective was to assess whether and how these two groups of students differ, and to what extent the results compare with earlier findings in Iceland, where academic programmes have long been considered the default and more prestigious pathway at the upper secondary level, while vocational education has struggled with lower participation and standing. Prior research has shown that vocational students are generally more academically engaged with their studies, whereas academic students are more engaged with the social and extra-curricular activities at school.

The current study draws on data from the 2023–2024 Icelandic Youth Survey, which was the first time the survey was conducted in upper secondary schools in Iceland. The survey reached 33 of the 38 upper secondary schools in Iceland, yielding a total of 7,338 responses from students (about 37% response rate). For the purposes of this analysis, data from 5,718 students aged 15–20 years were used, representing only those enrolled in either academic or vocational programs. The survey included extensive items on family background, financial situation, parental education, students' interests and satisfaction with schoolwork, perceived importance of education, course workload, time spent on homework, participation in social life at school and whether students were considering dropping out of school.

The findings reveal consistent differences in student background. Students in academic programmes were more likely to come from financially secure households and have parents with higher levels of education than vocational students, who were more likely to live independently outside the parental home.

Differences in attitudes towards learning were also evident. Vocational students reported significantly higher interest in their studies, greater enjoyment of classroom activities and stronger emphasis on the practical usefulness of what they were learning. They were also less likely to report that they found schoolwork boring. In contrast, academic students reportedly experienced higher levels of stress and workload, devoting considerably more time to homework and were more likely to report that it was essential to make an effort in school.

Academic-track students reported higher levels of social participation at school compared to vocational-track students. They were more likely to be active participants in extracurricular activities, to feel that they belonged to a particular group at school and to report higher levels of well-being during breaks at school. Yet, general satisfaction with school did not differ significantly between groups: around two-thirds of all students reported liking school, although 7–8% of the students said that they did not, suggesting a substantial minority of vulnerable students across both tracks.

Skipping classes was equally common for students in both tracks, though vocational students were more likely to skip entire days, possibly due to structural factors in the organisation of vocational courses. In relation to dropout risk, vocational students were more likely to consider leaving school entirely. The most common reasons cited were difficulties in coping with the demands of the studies, lack of motivation and financial challenges.

The results complicate the traditional narrative of vocational education as an undesirable alternative. Although vocational students faced greater socio-economic disadvantages and higher dropout risks, they simultaneously reported stronger engagement with their chosen field of study, greater satisfaction in the classroom and more confidence in the future usefulness of their learning. Academic students, while benefiting from stronger social participation at school, appeared to be more burdened by workload, pressure and homework, and had less interest in their schoolwork. One explanation for these findings might be that the students who select a vocational pathway are more deliberate in their choice, as they are choosing against the mainstream view of the status of education pathways and their peers. Academic students are more likely to focus on other aspects of the school (such as social life), rather than the studies themselves, as academic programmes are both more general and similar across schools.

Overall, the results indicate that students in Icelandic upper secondary schools, whether in vocational or academic pathways, generally view their schools in a positive light and perceive a purpose in their education. However, a small minority of students do not, and thus further studies are needed to understand this group and what can be done to help them.

**Keywords:** vocational education and training, general academic education, upper secondary schools, attitudes towards learning, school engagement

## Um höfunda

Sæberg Sigurðsson (saeberg@hi.is) er doktorsnemi í menntavísindum á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Hann lauk M.Ed.-gráðu í náms- og kennslufræði árið 2016 og viðbótardiplóma í opinberri stjórnáslu árið 2018 frá Háskóla Íslands. Hann hefur kennt á framhaldsskólastigi í um tvo áratugi og doktorsrannsókn hans snýr að kennsluháttum í starfsnámi í framhaldsskólum á Íslandi.

Elsa Eiríksdóttir (elsa@hi.is) er prófessor á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Hún lauk BA-prófi í sálfræði frá Háskóla Íslands 1999 og meistara- og doktorsprófi í verkfræðilegri sálfræði frá Georgia Institute of Technology 2007 og 2011. Rannsóknir hennar hafa helst snúið að verk- og starfsmenntun, framhaldsskólastiginu, hugrænni námssálarfræði, þróun kunnáttu og yfirfærslu þekkingar.

## About the authors

Sæberg Sigurðsson (saeberg@hi.is) is a PhD student in education at the School of Education, University of Iceland. He completed an M.Ed. degree in curriculum and instruction in 2016 and a postgraduate diploma in Public Administration in 2018 from the University of Iceland. He has taught at the upper secondary level for about two decades, and his doctoral research focuses on teaching practices in vocational education in Icelandic upper secondary schools.

Elsa Eiríksdóttir (elsae@hi.is) is a professor at the School of Education, University of Iceland. She completed a BA degree in psychology at the University of Iceland in 1999 and a master's and a PhD in engineering psychology from the Georgia Institute of Technology in 2007 and 2011, respectively. Her research interests include vocational education and training, upper secondary education, cognitive views of learning, skill acquisition and transfer of learning.

## Heimildir

- Arna Jakóbína Björnsdóttir. (2019). *Kynbundið nám í framhaldsfræðslunni: Starfsmenntun fyrr og nú* [meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <https://hdl.handle.net/1946/32376>
- Berglind Rós Magnúsdóttir og Unnur Edda Garðarsdóttir. (2018). „Bara ekki mínar týpur!“ Sjálfsmyndarsköpun, félagsleg aðgreining og framhaldsskólalval. *Sérít Netlu 2018 – Framhaldsskólinn í brennidepli*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2019.13>
- Billett, S. (2014). The standing of vocational education: Sources of its societal esteem and implications for its enactment. *Journal of Vocational Education & Training*, 66(1), 1–21. <https://doi.org/10.1080/13636820.2013.867525>
- Billett, S. (2020). Perspectives on enhancing the standing of vocational education and the occupations it serves. *Journal of Vocational Education & Training*, 72(2), 161–169. <https://doi.org/10.1080/13636820.2020.1749483>
- Billett, S., Choy, S. og Hodge, S. (2020). Enhancing the standing of vocational education and the occupations it serves: Australia. *Journal of Vocational Education & Training*, 72(2), 270–296. <https://doi.org/10.1080/13636820.2020.1751247>
- Braun, A., Ball, S. J., Maguire, M. og Hoskins, K. (2011). Taking context seriously: Towards explaining policy enactments in the secondary school. *Discourse: Studies in the Cultural Politics of Education*, 32(4), 585–596. <https://doi.org/10.1080/01596306.2011.601555>
- Cedefop. (2014). *Attractiveness of initial vocational education and training: Identifying what matters*. Publications Office of the European Union. <https://www.cedefop.europa.eu/en/publications/5539>
- Cedefop. (2023, 8. desember). *How many students participate in IVET?* <https://www.cedefop.europa.eu/en/data-insights/1-how-many-students-participate-ivet>
- Clement, U. (2014). *Improving the image of technical and vocational education and training*. GIZ. [https://www.dcdualvet.org/wp-content/uploads/2014\\_GIZ\\_Improving-the-Image-of-Technical-and-Vocational-Education-and-Training\\_A-synthesis.pdf](https://www.dcdualvet.org/wp-content/uploads/2014_GIZ_Improving-the-Image-of-Technical-and-Vocational-Education-and-Training_A-synthesis.pdf)
- Cohen, J. (1988). *Statistical power analysis for the behavioral sciences*. Lawrence Erlbaum Associates.
- Eccles, J. og Wigfield, A. (1995). In the mind of the actor: The structure of adolescents' achievement task values and expectancy-related beliefs. *Personality and Social Psychology Bulletin*, 21(3), 215–225. <https://doi.org/10.1177/0146167295213003>
- Elsa Eiríksdóttir. (2022). Áskoranir starfsmenntunar: Aðgengi starfsmenntanema að háskólanámi. *Sérít Netlu 2022 – Framtíð og tilgangur menntunar: Til heiðurs Jóni Torfa Jónassyni, prófessor emeritus*. [https://netla.hi.is/serrit/2022/heidurs\\_jon\\_torfa/09.pdf](https://netla.hi.is/serrit/2022/heidurs_jon_torfa/09.pdf)

- Elsa Eiríksdóttir. (2023). Choosing vocational education: Reasons and rationale of recently graduated journeymen in Iceland. Í L. Herrera, M. Teräs, P. Gougoulakis og J. Kontio (ritstjórar), *Learning, teaching and policy making in VET* (bls. 225–257). Atlas Förlag.
- Elsa Eiríksdóttir. (2025). Er hægt að efla starfsnám? Aðsókn í starfsnám á framhaldsskólastigi 2006–2024. *Tímarit um Uppeldi og Menntun*, 34(2), 181–208. <https://ojs.hi.is/index.php/tuuom/article/view/4269/2835>
- Elsa Eiríksdóttir, Guðrún Ragnarsdóttir og Jón Torfi Jónasson. (2018). Þversagnir og kerfisvillur? Kortlagning á ólíkri stöðu bóknáms- og starfsnámsbrauta á framhaldsskólastigi. *Sérrit Netlu 2018 – Framhaldsskólinn í brennidepli*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2019.7>
- Elsa Eiríksdóttir og Rosvall, P.-Á. (2019). Pedagogic practices and teacher characterization of VET students: Interpretations of individualization in two Nordic countries. *European Educational Research Journal*, 18(3), 355–375. <https://doi.org/10.1177/1474904119830022>
- Elsa Eiríksdóttir og Sæberg Sigurðsson. (2023). Starfsnám eða bóknám: Aðsókn nemenda og þróun framhaldsskólastigsins. *Skólaþræðir – Tímarit samtaka áhugafólks um skólaþróun*. <https://skolathraedir.is/2023/07/03/starfsnam-eda-boknam/>
- Fredricks, J. A., Blumenfeld, P. C. og Paris, A. H. (2004). School engagement: Potential of the concept, state of the evidence. *Review of Educational Research*, 74(1), 59–109. <https://doi.org/10.3102/00346543074001059>
- Fríða Kristjánsdóttir. (2020). „Ein af strákunum“: *Stúlkur í hefðbundnum karlagreinum í framhaldsskóla* [meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <https://hdl.handle.net/1946/34676>
- Gréta Björk Guðráðsdóttir. (2018). *Kynjaður veruleiki og væntingar til starfa: Þróun kynjamunar í starfsáhuga, draumastörfum og starfsreynslu á ungdómsárum* [meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <https://hdl.handle.net/1946/29417>
- Guðbjörg Vilhjálmisdóttir og Guðmundur B. Arnkelsson. (2005). Kynjamunur í hugrænni kortlagningu starfa. *Uppeldi og menntun*, 14(2), 57–69. <https://timarit.is/page/5015930#page/n56/mode/2up>
- Guðbjörg Vilhjálmisdóttir og Guðmundur B. Arnkelsson. (2013). Social aspects of career choice from the perspectives of habitus theory. *Journal of Vocational Behavior*, 83(3), 581–590. <https://doi.org/10.1016/j.jvb.2013.08.002>
- Hagstofa Íslands. (e.d.). *Framhaldsskólastig – Talnaefni*. <https://hagstofa.is/talnaefni/samfelag/menntun/framhaldsskolastig/>
- Hagstofa Íslands. (2008). ÍSNÁM: Íslensk náms- og menntunarflokkun
- Hagstofa Íslands. (2018, 9. apríl). *Nýnemum fækkar í starfsnámi á framhaldsskólastigi*. <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/menntun/nynemar-a-framhaldsskolastigi-1997-2016/>
- Hagstofa Íslands. (2025, 3. júlí). *Hærra brautskráningarhlutfall í framhaldsskólum hjá nemendum sem eiga háskólamenntaða foreldra*. <https://www.hagstofa.is/utgafur/frettasafn/menntun/brautskraningarhlutfall-og-brothvarf-af-framhaldsskolastigi-2023/>
- Harwood, J. (2010). Understanding academic drift: On the institutional dynamics of higher technical and professional education. *Minerva*, 48, 413–427. <https://doi.org/10.1007/s11024-010-9156-9>
- Heiður Hrund Jónsdóttir og Kristjana Stella Blöndal. (2023). The choice of track matters: Academic self-concept and sense of purpose in vocational and academic tracks. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 67(4), 621–636. <https://doi.org/10.1080/00313831.2022.2042843>
- Hoeckel, K. (2007). *Key evidence on vocational education and training policy from previous OECD work*. OECD. Íslenska æskulýðsrannsóknin. (e.d.). *Íslenska æskulýðsrannsóknin*. <https://iae.is/>
- Jón Torfi Jónasson. (1995). Baráttan á milli bóknáms og starfsmenntunar á framhaldsskólastigi. Í Friðrik H. Jónsson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum: Erindi flutt á ráðstefnu í september 1994* (bls. 277–285). Félagsvísindastofnun HÍ; Hagfræðistofnun HÍ; Háskólaútgáfan.
- Jón Torfi Jónasson. (2003). Does the state expand schooling? A study based on five Nordic countries. *Comparative Education Review*, 47(2), 160–183. <https://doi.org/10.1086/376541>
- Jón Torfi Jónasson. (2004). What determines the expansion of higher education? Credentialism, academic drift and the growth of education. Í Ingaldur Hannibalsson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum V, Viðskipta- og hagfræðideild* (bls. 275–290). Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands; Háskólaútgáfan.

- Jón Torfi Jónasson og Gunnhildur Óskarsdóttir. (2016). Iceland: Educational structure and development. Í T. Sprague (ritstjóri), *Education in non-EU countries in Western and Southern Europe* (bls. 11–36). Bloomsbury.
- Kristjana Stella Blöndal og Atli Hafþórsson. (2018). Margbreytileiki brotthvarfsmemnda. *Sérrit Netlu 2018 – Framhaldsskólinn í brennidepli*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2019.11>
- Kristjana Stella Blöndal og Bjarney Sif Ægisdóttir. (2013). Óákveðni nemenda við námsval í framhaldsskóla og skuldbinding þeirra gagnvart námi og skóla. *Sérrit Netlu 2013 – Rannsóknir og skólastarf*. [http://netla.hi.is/serrit/2013/rannsoknir\\_og\\_skolastarf/005.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2013/rannsoknir_og_skolastarf/005.pdf)
- Kristjana Stella Blöndal, Elsa Eiríksdóttir og Guðrún Ragnarsdóttir. (2024). Stigveldi framhaldsskóla: Frjálst skólaval ýtir undir og endurskapar félagslega lagskiptingu. *Sérrit Netlu 2024 – Framhaldsskólinn – Menntastefna og félagslegt réttlæti*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2024.3>
- Kristjana Stella Blöndal, Jón Torfi Jónasson og Sólrún Sigvaldadóttir. (2016). *Sérkenni námsferils starfsnámsnemenda í framhaldsskóla: Afstaða og skuldbinding til náms, liðan og stuðningur foreldra og skóla*. Menntavísindastofnun Háskóla Íslands. <https://hdl.handle.net/1946/26433>
- Kristjana Stella Blöndal og Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2012). Student disengagement in relation to expected and unexpected educational pathways. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 56(1), 85–100. <https://doi.org/10.1080/00313831.2011.568607>
- Mann, A., Denis, V., Schleicher, H. E., Forsyth, T., Liu, E. og Chambers, N. (2020). *Dream jobs? Teenagers' career aspirations and the future of work*. OECD.
- Maxwell, G., Cooper, M. og Biggs, N. (2000). *How people choose vocational education and training programs: Social, educational and personal influences on aspiration*. NCVET.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2012). *Áðalnámskrá framhaldsskóla 2011: Almennur hluti*. [https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Adalnamskra%20framhaldsskola\\_2\\_utgbreyt\\_2015\\_.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Adalnamskra%20framhaldsskola_2_utgbreyt_2015_.pdf)
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014). *Hvítbók um umbætur í menntun*. [https://stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettir/Hvitbik\\_Umbaetur\\_i\\_menntun.pdf](https://stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettir/Hvitbik_Umbaetur_i_menntun.pdf)
- Niittylahti, S., Annala, J. og Mäkinen, M. (2019). Student engagement at the beginning of vocational studies. *Nordic Journal of Vocational Education and Training*, 9(1), 21–42. <https://doi.org/10.3384/njvet.2242-458X.199121>
- Niittylahti, S., Annala, J. og Mäkinen, M. (2023). Student engagement profiles in vocational education and training: A longitudinal study. *Journal of Vocational Education & Training*, 75(2), 372–390. <https://doi.org/10.1080/13636820.2021.1879902>
- OECD. (2023). *Spotlight on vocational education and training: Findings from Education at a glance 2023*. <https://doi.org/10.1787/acff263d-en>.
- OECD. (2024). *Education at a glance 2024: OECD indicators*. <https://doi.org/10.1787/c00cad36-en>
- Ragný Þóra Guðjohnsen, Hans Haraldsson, Ólöf Ragna Einarsdóttir og Unnar Geirdal Arason. (2024). *Íslenska æskulýðsrannsóknin: Helstu niðurstöður framhaldsskólakönnunar veturinn 2023–2024*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. <https://doi.org/10.33112/MVST2024613>
- Rumberger, R. W. (1995). Dropping out of middle school: A multilevel analysis of students and schools. *American Educational Research Journal*, 32(3), 583–625. <https://doi.org/10.2307/1163325>
- Rumberger, R. W. og Rotermund, S. (2012). The relationship between engagement and high school dropout. Í S. L. Christenson, A. L. Reschly og C. Wylie (ritstjórar), *Handbook of research on student engagement* (bls. 491–513). Springer. [https://doi.org/10.1007/978-1-4614-2018-7\\_24](https://doi.org/10.1007/978-1-4614-2018-7_24)
- Stjórnarráð Íslands. (2017, 30. nóvember). *Sáttmáli ríkisstjórnar 2017*. <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/sogulegt-efni/um-rikisstjorn/2017/11/30/Sattmali-Framsoknarflokks-Sjalfstaedisflokks-og-Vinstrihreyfingarinnar-graens-frambods-um-rikisstjornarsamstarf-og-eflingu-Althingis/>
- Stjórnarráð Íslands. (2021, 28. nóvember). *Sáttmáli um ríkisstjórnarsamstarf 2021*. <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/sogulegt-efni/um-rikisstjorn/2021/11/28/Sattmali-um-rikisstjornarsamstarf/>
- Stjórnarráð Íslands. (2024, 21. desember). *Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins 2024*. <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/stjornarsattmali/>

- Van Houtte, M., Demanet, J. og Stevens, P. A. J. (2012). Self-esteem of academic and vocational students: Does within-school tracking sharpen the difference? *Acta Sociologica*, 55(1), 73–89. <https://doi.org/10.1177/0001699311431595>
- Van Houtte, M. og Stevens, P. A. J. (2009). Study involvement of academic and vocational students: Does between-school tracking sharpen the difference? *American Educational Research Journal*, 46(4), 943–973. <https://doi.org/10.3102/0002831209348789>
- Van Houtte, M. og Van Maele, D. (2012). Students' sense of belonging in technical/vocational schools versus academic schools: The mediating role of faculty trust in students. *Teachers College Record*, 114(7), 1–36. <https://doi.org/10.1177/016146811211400706>
- Wolf, A. (2011). *Review of vocational education – The Wolf report*. UK Government. [https://assets.publishing.service.gov.uk/government/uploads/system/uploads/attachment\\_data/file/180504/DFE-00031-2011.pdf](https://assets.publishing.service.gov.uk/government/uploads/system/uploads/attachment_data/file/180504/DFE-00031-2011.pdf)
- Þingskjal nr. 121/2025. *Skýrsla mennta- og barnamálaráðherra um framkvæmd skólustarfs í framhaldsskólum skólaárin 2016–2023*. <https://www.althingi.is/altext/156/s/0121.html>



- Sæberg Sigurðsson og Elsa Eiríksdóttir. (2025). Ólíkur reynsluheimur nemenda í bóknámi og starfsnámi í framhaldsskólum – samanburður á bakgrunni, líðan, álagi og viðhorfum til náms. Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2025.2>